

Mál nr. 53/2016**M
og
vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar.****Ágreiningur um hvort maður hafi orðið fyrir meiðslum á hné við bótaskyldan atburð.****Gögn.**

Málskot, móttækið 24.2.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 31.3.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi slysátryggingu hjá V. Með tilkynningu 21. desember 2015 til V kvaðst M hafa hinn 7. október 2015 verið að vinna í ísverksmiðju og verið að hoppa af ísrökkum og niður í ísinn.

M leitaði á bráðadeild Landspítalans 9. sama mánaðar vegna verkja í hægra hné sem hafi byrjað tveimur dögum áður. Segir í fyrirbyggjandi bráðamóttökuskra vegna komu hans á bráðadeildina að hann vinni mikið á hnjónum en engin sérstök áverkasaga. Telur M þetta þó mögulega tengjast því að umræddan dag hafi hann hoppað milli planku úr lágrí hæð. Hafi hann fundið fyrir versnandi bólgu og komudaginn sé sárt að ganga niður stiga, en engir smellir eða skyndilegir stingir. Varðandi skoðun sem fram fór segir svo í skránni: „Ekki að sjá roða og ekki þreifast hiti yfir hægra hné. Merki um hydrops í hnénu og hnéskelin dúar vægt. Fín hreyfigeta í liðnum í flexion og extension. Vægur verkur við mikla flexion og forceraða extension. Verkir við álag á lateral meniscus, ekki medial meniscus. Engin merki um áverka á med. og lat. coli. lig né krossbönd.“ Í lokin er svo svofelld skráning: „Borið undir sérfræðing. Ákveðið að fá rtg til að útiloka brot og ath með slit. Rtgmynd kemur vel út. Ráðlögð bólgueyðandi lyf næstu daga, hvíld og teygjusokkur. Fær lyfseðil fyrir voltaren rapid. Ef ekki betri næstu daga þá ráðlögð nánari skoðun hjá bæklunarlæknum... mtt liðþófaröskunar.“

Í málskoti kveðst M hafa verið „að færa mig frá einum stað á annan hvort ég hoppi, nei þetta er skref frá einni tröppu í aðra.“ Þá segir einnig í málskotinu að þegar hann hafi stigið niður á ísinn og í eitt af mörgum skiptum hafi ísinn gefið sig og hann fengið hnykk á hægri fótinn.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt slysátryggingu þeirri sem M hefur hjá V greiðast bætur þegar vátryggður verður fyrir slysi, en í skilmálum vátryggingarinnar segir að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Þótt atvikum sé lýst í bráðamóttökuskra, tjónstilkynningu og málskoti er ekki unnt að henda reiður á að M hafi orðið fyrir meiðslum við skyndilegan atburð. Þessu breytir ekki þótt í málskoti sé þess getið að ís sem hann steig á hafi gefið sig og við það hafi hann fengið hnykk á hægri fót, en þessa er ekki getið í öðrum gögnum málsins. Þá eru læknisfræðileg gögn mjög takmörkuð, eða einungis fyrrgreind bráðamóttökuskra. Af henni verður ekki ráðið með neinni vissu að M hafi umrætt sinn orðið fyrir meiðslum við skyndilegan atburð. Að öllu virtu verður því ekki talið að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi slysátryggingarskilmálanna. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sinni hjá M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu hjá V.

Reykjavík, 26. apríl 2016.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.